

Reykjavík, 20. mars 2025

Til þess er málið varðar;

Í tengslum við stjórnarkjör í Lífsverk lífeyrissjóði er vert að kynna Pálmar Svein Ólafsson, sem sækist eftir kjöri í stjórn Lífsverk.

Pálmar hefur starfað sem verkfræðingur frá 1988.

Hann er lausnarmiðaður og úrræðagóður og hefur einstakt lag á að virkja fólk með sér í vinnu.

Hann er fylgin sér og leggur allt í sölurnar til að klára sín verkefni, á réttum tíma og á kostnaðaráætlun.

Sem fjölskyldumaður, giftur og sonur fjögurra drengja eiga þessir kostir vel við auk þess sem hann er áhugasamur um þær nýjungar sem þeir bera á borð fyrir hann. Hann fylgist vel með, góður hlustandi og tekur virkan þátt í lífi sinna barna, fjölskyldu og vina.

Pálmar hefur einstakt lag á að finna sér til verkefni heima fyrir og tómstundir hans litast af hans verkfræðikunnáttu og grúsk-áráttu. Hann er því maður margra grilla og reykofna sem hann hefur smíðað sjálfur. Við fjölskyldan njótum svo góðs af í formi góðrar grillmáltíðar.

Ég tel að allir þessir kostir nýtist honum og ykkur vel í starfi sem stjórnarmaður í Lífsverk þar sem mikilvægt er að horfa ígrundað fram á veginn, fagna framþróun og tileinka sér hana og bera hag annarra félagsmanna fyrir brjósti.

Virðingarfyllt

Sigríður Stephensen

Eiginkona